




Öndunarfærasýkingar

Vika 48 árið 2022

Embætti landlæknis
Sóttvarnalæknir

Inflúensa


Færri greindust með inflúensu hér á landi síðastliðna viku samanborið við vikuna þar á undan eða 36 einstaklingar. Mynd 1 sýnir uppsafnaðan fjölda greininga núverandi tímabils borið saman við undanfarin ár. Þar af greindust 29 með inflúensustofn A (H1) pdm09 og sjö með stofn A (H3). Hlutfallslega flestir sem greindust voru á aldrinum 0–4 ára (26 á 100.000 íbúa) og 65 ára og eldri (20 á 100.000 íbúa). Fjöldi með inflúensulík einkennum, sem eru klínískar greiningar á öndunarfæraeinkennum skráðar í sjúkraskrá, var svipaður á milli vikna.



Mynd 1 Uppsafnaður fjöldi með staðfesta inflúensu eftir flensutímabilum. Árið 2022 til og með viku 48.

COVID-19 (SARS-CoV-2 veira)

Samtals 171 einstaklingur greindist með COVID-19 hér á landi síðastliðna viku sem eru heldur færri en hafa verið að greinast undanfarnar vikur (mynd 2). Hlutfall jákvæðra sýna af heildarfjölda sýna er áfram hátt og var í síðastliðinni viku að meðaltali 26% sem gefur til kynna mikla dreifingu í samfélaginu. Ef hlutfall jákvæðra sýna er yfir 5% er almennt talið að dreifing í samfélagi sé meiri en sýnataka gefur til kynna. Um það bil 77% raðgreindra sýna frá viku 47 reyndust vera Omicron BA.5 afbrigðið og undirafbrigði þess en 23% reyndust vera Omicron BA.2 afbrigðið og undirafbrigði þess.



Mynd 2 Fjöldi COVID-19 greininga og hlutfall jákvæðra sýna af heildarfjölda sýna eftir vikum


RSV og aðrar öndunarfæraveirur

Áfram greinist töluverður fjöldi með Respiratory Syncytial veirusýkingu (RSV) í hverri viku. RSV leggst þyngst á ung börn og eldri einstaklinga. Í viku 48 var RSV staðfest hjá 21 einstaklingi, þar af voru 15 á aldrinum 0–4 ára.

Líkt og undanfarnar viku var einnig mikið um greiningar á öðrum öndunarfæraveirum s.s. Rhinoveiru, Adenoveiru, Enteroveiru, Parainflúensu, kórónaveirum öðrum er SARS-CoV-2 og Human Metapneumóveiru (hMPV), sjá töflu á [vef sýkla- og veirufræðideildar Landspítala](#).

Innlagnir á sjúkrahús

Fjöldi sem þurfti innlögn vegna COVID-19, inflúensu og RSV fækkaði milli vikna en samtals lögðust 36 einstaklingar inn á Landspítala vegna þessa (mynd 3). Flestar innlagnir voru vegna COVID-19 eða 27 einstaklingar, fjórir vegna inflúensu og fimm vegna RSV. Innlagnir voru algengastar í elstu aldurshópnum vegna COVID-19 og inflúensu en í yngstu aldurshópnum vegna RSV. Þrír sjúklingar eru inniliggjandi á sjúkrahúsinu á Akureyri með COVID-19, þar af einn á gjörgæslu. Einn sjúklingur er á gjörgæslu á Landspítala með COVID-19.



Mynd 3 Fjöldi innlagna vegna COVID-19, inflúensu og RSV eftir vikum á Landspítala, vika 40–48

Samantekt

Töluverður fjöldi greinist áfram með COVID-19, inflúensu og RSV hér á landi en greiningum fækkaði þó á milli vikna. Einnig dró úr fjölda þeirra sem þurftu á innlögn að halda vegna þessara sjúkdóma. Hlutfall jákvæðra sýna af heildarfjölda sýna sem tekin er áfram hátt sem gefur til kynna töluverða dreifingu á COVID-19 samfélaginu. Klínískar greiningar benda til hærri tíðni öndunarfærasýkinga en í venjulegu ári. Mikilvægt er að sinna persónubundnum smitvörnum þar sem það dregur úr smiti til annarra og þar með alvarlegum veikindum meðal áhættuhópa. Allir ættu að halda sig til hlés í veikindum, sinna handhreinsun, nota grímu við ákveðnar aðstæður eins og heilbrigðisstofnunum þ.m.t. biðstofum og forðast umgengi við ungbörn og aðra í áhættuhópum ef með einkenni.